

Skútusiglingar ehf.
Nanný Arna Guðmundsdóttir
Aðalstræti 22B
400 Ísafjörður



Ísafjörður 10. september 2015
UST201508-111/J.S.J

Efni: Hornstrandir – Kvíar, Jökulfjörðum, endurbætur.

Umhverfisstofnun hefur móttékið erindi Skútusiglinga ehf., dagsett 24. ágúst 2015, þar sem óskað er eftir leyfi Umhverfisstofnunar til þess að fara í endurbætur á fyrrum íbúðarhúsnæði að Kvíum í Jökulfjörðum í Hornstrandafriðlandinu, reist árið 1923.

Lýsing framkvæmdar

Fram kemur í umsókn að fyrirhugað sé að grafa fyrir drenlagn í kringum íbúðarhúsið að Kvíum í Jökulfjörðum. Lítil BobCat grafa yrði notuð til verksins og yrði hún flutt með pramma yfir Ísafjarðardjúp og ekið upp úr fjörunni eftir greinilegum göngustíg um 50m leið að húsinu. Að framkvæmd lokinni yrði ummerkjum um akstur og gröft afmáð með því að raka yfir og annað rask lagfært.

Áhrifamat

Þrátt fyrir tímabundið rask á jarðvegi á framkvæmdatíma við gröft drenlagnar við húsið, er ekki talið að það muni breyta ásýnd jarðarinnar að Kvíum eða rýra verndargildi náttúru svæðisins. Það er mat Umhverfisstofnunar að framkvæmdin komi ekki til með að rýra verndargildi Hornstrandafriðlandsins.

Niðurstaða


Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi til umræddrar framkvæmdar, Umhverfisstofnun setur jafnframt eftirfarandi skilyrði:


- Sérfræðingur friðlandsins verður látin vita af stöðu framkvæmdar, hvenær hún hefst og verkáætlun þegar hún liggur fyrir.
- Öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algjöru lágmarki.
- Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal stöðva framkvæmd án tafar, s.kv. 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt yrði að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Umhverfisstofnun mun vorið 2016 viðhafa eftirlit með frágangi framkvæmdar, 1 klst. sbr. gjaldskrá nr. 535/2015, eða kr.11.900 á klst.

Umhverfisstofnun bendir umsækjanda á að mögulega sé framkvæmdin leyfisskyld af hálfu Ísafjarðarbæjar.

Virðingarfyllt


Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur


Sigríður Kristjánsdóttir
Sviðsstjóri